

57 slátrun hefir farið fram. Skal þetta gert með auglýsingu í hverju kauptúni, á 3. júní hverjum slátrunarstað, og auk þess með brjefi, er fylgi gangnaboði út um sveitir.

Í kauptúnum og öðrum slátrunarstöðum, skipar sýslumaður árlega, eftir tillögum hreppsnefndar, sjerstakan eftirlitsmann með því, að sullum sje vandlega haldið saman og þeir brendir daglega meðan slátrun fer fram. Gjald fyrir starf eftirlitsmanns greiðist að hálfu úr sýslusjóði, en hálfu gjaldið greiða verslanir og kaupfjelög, sem sláturfjártöku hafa, alls 3 aura fyrir hverja kind, sem slátrað er.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum, frá 10—100 kr.

2. gr.

Niðurlag 9. greinar orðist svo:

Þær sektir renna í sýslusjóð, svo og sektir fyrir brot þau, er ræðir um í 7. og 8. gr.

3. gr.

Breyting þessi var samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 1. maí 1925.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, Eskifirði 3. júní 1926.

Magnús Gíslason.

58 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Hárekssjóð, útgefin 30. júní á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. júní 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Hárekssjóð, er Hárekur Bjarnason í Hnefilsdal gaf með brjefi, dags. 18. jan. 1922.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hárekssjóður.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2826 krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja fátæka sjúklinga í Jökuldalshreppi til lækninga, þá, er ekki eiga rjett til styrks af almannaþje samkvæmt gildandi lögum.

58

30. júní

4. gr.

Hreppsnefnd Jökuldalshrepps hefir á hendi stjórn sjóðsins og ákveður hún, hverjir skuli njóta styrks.

5. gr.

Stofnfje sjóðsins skal lagt í sparissjóð. Höfuðstólinn skal ekki skerða, og leggjast allir vextir við hann næstu 18 árin frá stofnun sjóðsins.

6. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd Jökuldalshrepps að grípa til sjóðsins í hreppsþarfir, er miða til almennra hagsælda fyrir sveitarfjelagið, verklega eða andlega, gegn fullri ábyrgð á höfuðstól og vöxtum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessa er heimilt að endurskoða að 18 árum liðnum. Skal þá hreppsnefnd Jökuldalshrepps ákveða, hve miklu af vöxtum sjóðsins skuli árlega varið til styrktar sjúklingum og á hvern hátt.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningsár hans er 1926. Reikningar sjóðsins skulu birtir á þann hátt, er hreppsnefndin ákveður.

Hvanná, 25. maí 1926.

*Jón Jónsson. Björn Þorkelsson. Lúðvíg Þorgrímsson.
Þorleifur Stefánsson. Eiríkur Sigfússon.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð barnaskólans í Grenivík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. júní 1926. Skipulagsskráin er þannig:

59

30 júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Menningarsjóð barnaskólans í Grenivík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður barnaskólans í Grenivík. Hann er stofnaður af prestshjónunum í Grenivík. Árna Jóhannessyni og Valgerði Karó-